



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á 10 ára afmælishátíð Keilis
4.maí 2017**

Ágæta starfslið og nemendur Keilis,
alþingismenn, rektor Háskóla Íslands,
aðrir góðir gestir.

Ég óska ykkur öllum hjartanlega til hamingju með daginn. Í dag er réttur áratugur síðan mikil tímamót urðu hér á Ásbrú í Reykjanesbæ, hinu gamla varnarsvæði Bandaríkjahers á Íslandi. Hér var stofnaður skóli, Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.

Árið var 2007. Við Íslendingar tengjum það ártal gjarnan við stórhug, jafnvel dramb og kapp án forsjár, og jafnframt mikið góðæri. Sú var þó ekki endilega raunin hér á Suðurnesjum. Árið áður höfðu Bandaríkjamenn horfið í skyndi á brott. Vissulega höfðu þeir stöðugt dregið úr umsvifum sínum og víst mátti sjá eftir á í hvað stefndi. En höggið var þungt. Fólk missti vinnu og hafði ekki endilega að miklu öðru að snúa.

En hér voru hús og aðstaða sem hægt var að nota, fólk sem hægt var að mennta, fólk sem vildi leita mennta. Með samvinnu var auðum byggingum breytt í lærdómssetur. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Reykjanesbær og Háskóli Íslands tóku höndum saman. Til varð Keilir, alhliða menntafyrirtæki í eigu háskóla, fyrirtækja og almennasamtaka.

Fyrst um sinn var mest áhersla lögð á Háskólabrúna svonefndu, kennslu til undirbúnings frekara námi á háskólastigi annars staðar. Síðan hefur sumt ekki alltaf gengið sem skyldi en núna eru fjögur megin svið hér: Háskólabrúin stendur ennþá fyrir sínu og þar er í boði hvort tveggja, fjarnám og staðnám. Innan Íþróttakademiunnar getur fólk stundað einka- og styrktarþjálfaranám, fótaaðgerðafræði og leiðsögunám í ævintýraferðamennsku. Í Flugakademíunni er flugvirkja- og flugnám í boði. Loks getur fólk lært hér hjá Keili tæknifræði sem er á vegum Háskóla Íslands.

Góðir áheyrendur, allt þetta getið þið fræðst um á heimasíðu Keilis og víðar – væntanlega líka það að hér eru að jafnaði um 6-700 nemendur á ári og héðan hafa tæplega 3.000 manns útskrifast þau tíu ár sem skólinn hefur starfað. Leyfið mér að bæta því við að frá upphafi hefur verið kappkostað hér að beita framsæknum kennsluháttum þar sem hagsmunir sérhvers nemanda eru í fyrirrúmi. Má þar nefna vandinám; nemandi fær þá námsefni og fyrirlestra á rafrænu formi, lærir þann hluta heima, en kemur svo til kennslu og bætir við þekkingu sína í náinni samvinnu við nemendur og kennara. Ég veit af eigin reynslu að þetta fyrirkomulag hefur mikla kosti, náí kennari að undirbúa efnið vel og nemandi leggi hart að sér.

Auðvitað hlýtur nám að snúast um það, að fólk sýni metnað, reyni á sig. Verkefnið á að vera erfitt, það má ekki vera ómögulegt en ekki heldur eintómur hægðarleikur. Með réttu jafnvægi raunsæi og stórhugar eru okkur allir vegir færir. Þótt oflæti í anda 2007 sé ekki til fyrirmyndar eru sífelldar úrtölur engu betri. Ég hef sagt það áður og segi það enn, ef fólk þykist alltaf vita sín takmörk kemst það aldrei skrefinu lengra.

Hér hjá Keili geta menn látið verkin tala, hér getur fólk fengið tækifæri til að sýna hvað í því býr. Það er frábært, það er gott. Síðastliðin tíu ár hefur hlutfall fullorðinna íbúa í Reykjanesbæ með háskólamenntun meira en tvöfaldast og langflestir þeirra sem ljúka námi við háskólabrúna halda áfram háskólanámi. Starfsfólk Keilis öll þessi ár á því þakkir skildar og nemendurnir útskrifuðu sömuleiðis.

Kæru vinir: Í öflugum samfélagi fær fólk tækifæri til að læra og vinna við það sem hugur þess gírnist, finna hæfileikum sínum réttan farveg, efla eða öðlast trú á sjálfu sér og verða öðrum að liði. Sönn menntun snýst um það að gera hlutina vel, sýna metnað í verki, gagnvart sjálfum sér og öðrum. Til þess að svo verði þurfum við að setja okkur markmið og vinna svo saman, vera kappsöm en líka raunsæ. Framtíð Keilis er björt, ráði fagmennska för. Ég óska ykkur öllum aftur til hamingju með afmælið.